

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
11. fundur
haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs
í ráðhúsinu í Fellabæ, 4. febrúar 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson.
Fundinn sat einnig Þórður Ólafsson, starfsmaður stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

Dagskrá:

1. Málafni Aðalbóls
2. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

1. Málafni Aðalbóls

Sigurður Ólafsson og Krístrún Pálsdóttir, ábúendur á Aðalbóli, komu á fundinn. Rætt var um fyrirhugaða upplýsingastöð þjóðgarðsins á Aðalbóli. Fram kom í máli Sigurðar og Krístrúnar að þau hafa miklar væntingar um uppbyggingu í tengslum við þjóðgarðinn. Sú ferðapjónusta sem þau reka í dag takmarkast við sumarmánuðina og fram í miðjan september. Rætt var um hugsanlega samþættingu á þjónustu á Aðalbóli og þeim hugmyndum sem Landsvirkjun setti á sínum tíma fram um þjónustu við Kárahnjúka og hvernig það tengist nýrri vegtengingu úr Hrafnkelsdal á Kárahnjúkaveg. Einnig hvernig Hrafnkels saga og frekari ferðapjónustuuppbygging gætu fallið að þessu. Formaður óskaði eftir því að þau settu fram skriflega hugmyndir sínar um uppbyggingu þessarar þjónustu í Möðrudal og kæmu þeim til svæðisráðs sem gæti síðan komið umræðu um þessi mál af stað í stjórn þjóðgarðsins.

Sigurður og Krístrún yfirgáfu fundinn að loknum þessum lið.

2. Rekstraráætlun 2008 fyrir austursvæði

Þórður Ólafsson kynnti drög að rekstraráætlun 2008 fyrir Austursvæði. Heildar rekstrarkostnaður er settur fram 14,5 m.kr. Í því er miðað við þjóðgarðsvörð í 8-9 mánuði og 30-36 landvarðavikur. Svæðisráðið var almennt á því að þessi rekstrarkostnaður væri vanreiknaður um 10-20%. Formaður fór fram á að svæðisráðsmenn færu yfir áætlunina og gerðu rökstuddar athugasemdir um hækkanir.

Í áætlun um stofnkostnað á Austursvæði er reiknað með 50 m.kr. við framkvæmdir á Skriðuklaustri (okt.-des.) á þessu ári. Farið var yfir aðra stofnkostnaðarþætti. Þórður óskaði eftir því að svæðisráðið gerði áætlun um hvaða skilti þyrfti að vinna fyrir Austursvæði á þessu ári.

3. Önnur mál

a) Kynningarfundur

Vegna annarra funda þarf að færa opinn kynningarfund um þjóðgarðsmálin sem svæðisráðið hafði hugsað sér að halda 21. febrúar. Stefnt er á 25. febrúar í staðinn.

b) Samningar um landvörslustöðvar

Rætt var um með hvaða hætti væri farsælast að ganga frá samningum um landvörslustöðvar og landverði við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Viðræður hafa farið fram og kynntu Þórður og Þórhallur niðurstöður þeirra sem ætlunin er að leggja fyrir stjórn þjóðgarðsins. Svæðisráð lýsti yfir þeirri skoðun sinni að mikilvægt væri að samningar tækjust sem fyrst svo að starfsemi geti orðið með eðlilegum hætti í sumar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.05.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson